

# Bókhaldið í skýið er góður kostur

Hugbúnaðarfyrtækið Wise lausnir sérhæfir sig í viðskiptalausnum fyrir allar greinar atvinnulífsins og þjónustu sem því fylgir. Hjá Wise starfa 80 manns og er öll áherslan á Microsoft Dynamics NAV hugbúnaðarlausnir sem fást nú í mánaðarlegri áskrift.

Dynamics NAV bókhaldskerfið er notað af meira en 110 þúsund fyrir tækjum af öllum stærðum og gerðum. Jón Heiðar Pálsson, sviðs stjóri sölu- og markaðssviðs Wise, segir það vera einn öflugasta og sveigjanlegasta viðskiptahugbúnaðinn á markaðnum. „Kerfið hent ar jafnt stórum sem smáum fyrir tækjum með ólíkar þarfir. Hvort sem þú ert í verktöku, framleiðslu, sjávarútvegi, sveitarfélagi, verslun eða ferðaþjónustu þá leysir Dynamics NAV þínar þarfir,“ segir Jón Heiðar en m.a. er hægt að samþykka reikninga, skrá verkþing og eða yfirfara stöðuna á netinu í spjaldtölvunni, símanum eða tölvunni heima.

„Hefðbundin hugbúnaðarsala er að færast yfir í áskrift og leigu á hugbúnaði en á síðasta ári var meira en fimmtíu prósent aukning í vali á þessari leið hjá Wise. Á [www.navaskrift.is](http://www.navaskrift.is) er val um áskriftarleiðir og verð og hægt að pantast aðgang að hugbúnaðinum. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum Dynamics NAV og helstu sérlausnum sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Jón Heiðar en fyrirtækið er með skrifstofur í Reykjavík, Akureyri og í Noregi.

## Ný útgáfa, Microsoft Dynamics NAV 2017

Fyrir stuttu kom út ný útgáfa af Dynamics NAV sem er í boði í áskrift og ef viðskiptavinurinn vill eiga kerfi og reka. Jón Heiðar segir margar nýjungar í þessari útgáfu en þær helstu séu enn betri samþætting við Microsoft Outlook, tengiliði og dagbók, skýrslugerðin sé orðin auðveldari, sem og með

**”Krafa nútímans er að hafa gott aðgengi að upplýsingum og geta nálgast gögnin með ýmsu móti. Microsoft Office 365 er einn vinsælasti skrifstofuhugbúnaðurinn í heiminum í dag og fæst nú í áskrift hjá Wise gegn föstu mánaðarlegu gjaldi.**

Jón Heiðar Pálsson

höndlun kreditreikninga. Hann segir hagkvæmt og þægilegt að vera í áskrift að Dynamics NAV þar sem rekstrarkostnaðurinn er þekktur. „Greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu og þjónustugjöld ásamt hýsingu í fullkomnu og öruggu tækniumhverfi. Innfalið í því er vistun gagna, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur.“

## Hagræðing í rekstri

„Hýsing á bókhaldsþjónustu er hagkvæmur kostur fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og er aðgengi lagt hvar og hvenær sem er. Hægt er að fjölga eða fækka notendum eftir þörfum og kostnaður við uppsetningu er í lágmarki þar sem



Björn Þórhallsson sölustjóri, Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs, og Hallgerður Jóna Elvarsdóttir, sölustjóri sjávarútvegslausna, vita hvaða Dynamics NAV hugbúnaðarlausnir henta þínu fyrirtæki best.

engin þörf er á kaupum á miðlægum tölvubúnaði eða hugbúnaðarleyfum.“

Val er um þrjár gerðir af hýsingu eftir því hvað hentar hverju fyrirtæki: NAV í áskrift, NAV einkaleigu eða NAV einkahýsingu. „Hýsing gerir bókhaldið aðgengilegt hvaðan sem er í heiminum. Gögnin eru geymd í hátæknitölvu verum þar sem færustu sérfræðingar Microsoft sjá um að gögnin séu örugg og að hægt sé að nálgast þau hvar og hvenær sem er. Hýst

er í gagnaveri Microsoft Azure sem talið er eitt það öruggasta og öflugasta sinnar tegundar í heiminum,“ segir Jón Heiðar.

„Krafa nútímans er að hafa gott aðgengi að upplýsingum og geta nálgast gögnin með ýmsu móti. Microsoft Office 365 er einn vinsælasti skrifstofuhugbúnaðurinn í heiminum í dag og fæst nú hjá Wise í áskrift gegn föstu mánaðarlegu gjaldi. Með því að velja Microsoft Office 365 í áskrift sparar þú fjárfestingu í vélbúnaði,

afritunarbúnaði og hugbúnaðarleyfum. Þannig er hægt að einfalda reksturinn og horfa fram á við, til skjýanna,“ segir Jón Heiðar.

